



Ársskýrsla fimleikadeildar Aftureldingar 2004 – 2005

Stjórn deildarinnar.

Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir, formaður
Anna Margrét Arnardóttir, framkvæmdarstjóri
Herbert Pedersen, gjaldkeri
Eva Magnúsdóttir, ritari
Sigríður Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Katrín Sif Ragnarsdóttir, meðstjórnandi

Saga og þróun.

Fimleikadeild Aftureldingar var stofnuð 1999 og er því 6 ára gömul. Árið 2002 kemur fram að deildin ætli að halda sig við trompfimleika, m.a. vegna smæðar félagsins og skorts á áhöldum. Þjálfarar deildarinnar hafa í gegnum tíðina sótt gryfjuferðir með börnin svo þau fái viðeigandi þjálfun. Í febrúar 2003 var fimleikadeildin orðin 3ja stærsta deildin í Aftureldingu, bæði í fjölda og veltu. Rekstrartekjur deildarinnar höfðu tólfaldast á þeim tíma sem liðinn var. Aftur á móti að mati stjórnar, allra verst búna deildin tækjum og tólum. Nú er sjötta starfsár fimleikadeildarinnar hafið og fer vegur hennar vaxandi jafnt og þétt. Iðkendur í byrjun árs, 2005 voru 150 talsins. Þjálfarar eru 7 og 11 hópar starfandi. Deildin æfir fjórum sinnum í viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 13:45 – 17:30 og á þriðjudögum frá 14:00 – 16:00.

Mót og aðrir stórviðburðir.

Íslandsmót í almennum fimleikum 1. þrep var haldið 20. nóvember 2004 í Fylkishöll. Þangað fóru Lena Rós Þórarinsdóttir, Lára Kristín Pedersen, Brynja Ragnarsdóttir, Þórhildur Elva Þórisdóttir, Ástríður Guðrún Einarsdóttir og Ragnheiður Erla Björnsdóttir. Lára Kristín varð í 2 sæti í samanlögðu, 2 sæti í stökki og 3 sæti á dýnu.

Uppskeruhátíð Aftureldingar, þar var Kristín Kristmundsdóttir kosin best, Lára Kristín Pedersen efnilegust og Brynja Ragnarsdóttir með mestu framfarir. Farandbikarinn hlaut Kristín, sem fimleikakona ársins 2004. Í Hlégarði 23. janúar 2005, var Kristín Kristmundsdóttir ein af 10 sem tilnefnd var til kjörs á íþróttamanni Mosfellsbæjar. Hún fékk einnig viðurkenningu fyrir frammúrskarandi íþróttarárangur á árinu 2004. Lára Kristín Pedersen fékk bikar sem efnilegust í fimleikum.

Íslandsmót í almennum fimleikum, 2 þrep var haldið í Vestmannaeyjum 5. febrúar 2005. Kristín varð í 1 sæti í samanlögðu í sínum aldurshópi, 3 sæti á trampólíni og 3 sæti á dýnu.

Meistaramótið var einnig í Vestmannaeyjum, sömu helgina, 6. febrúar 2005. Þar kepptu aðeins 10 efstu í hverju þrepi. Lára Kristín keppti þar og varð Íslandsmeistari í 1 þrepi. Það hlýtur að teljast góður árangur að ná þeim titli annað árið í röð hjá svo ungri deild.

Sýningar og skemmtanir.

Fjölskyldudagur var haldinn 20 október 2004. Á meðan börnin hituðu upp var kynningarfundur fyrir foreldrana. Ragnheiði Ríkharðsdóttur, bæjarstjóra, var boðið og tók hún við fyrsta eintaki af stefnuskrá fimleikadeildarinnar. Eftir fundinn æfðu foreldrar með börnum sínum. Hin árlega jólasýning var haldin 5. desember 2004. Þar sýndu allir hópar flottar æfingar og sumir hópar sýndu stórskemmtilegt dansatriði. Mette og Jakob, frábærir danskir kennarar komu 22. janúar 2005, til að kenna bæði þjálfurum og iðkendum margt nýtt.

Haustið.

Haustið hófst með því að ráðinn var framkvæmdarstjóri innan deildarinnar. Starf hans er að sjá um allt sem viðkemur stjórnun deildarinnar. Hans fyrsta verk var að taka á móti skráningu fyrir veturinn, skrifa handbók, þjálfarareglur, nemendareglur, ath. búningamál og skipuleggja starf vetrarins. Einnig voru æfingafjöldin samræmd á milli hópa og tekið mið af gjöldum hjá öðrum fimleikafélögum. Laun þjálfara og menntun voru líka endurskoðuð. Í framhaldi af því fóru flestir þjálfararnir á námskeið hjá FSÍ (fimleikasambandi Íslands), því við erum með unga og reynslu litla þjálfara. Því miður er þjálfaraskortur á öllu landinu og fer það að hefta framfarir þeirra iðkenda sem lengst eru komnir.

Áhöld

Anna Margrét framkvæmdarstjóri, leitaði álits hjá FSÍ og hjá nokkrum fimleikafélögum um hvaða áhöld væru nauðsynlegust. Að fenginni niðurstöðu og með samþykki Sigurðar, íþróttafulltrúa, var óskað eftir tilboðum í áhöld á tveimur stöðum. Keypt voru áhöld hjá Sportís. Ákveðið var að leigja fullkornasta fimleikasal landsins þrisvar yfir veturinn til að koma á mótis við áhaldaskort deildarinnar.

foreldrafélag.

Stofnfundur foreldrafélags var haldinn 3. febrúar 2005. Félagið er áhugamannafélag til stuðnings fimleikaiðkun hjá Aftureldingu. Foreldrafélagið kemur til með að sjá um fjáraflanir og aðra aðstoð við deildina.

Framundan.

Það sem framundan er, er að gera gera deildina að Fyrirmyndardeild ÍSÍ (Íþróttasambands Íslands) Stefnt er að því að það verði í maí. Einnig er fyrirbyggjandi að búa til tromphópa og stefnan tekin á að undirbúa þá undir nokkur byrjendamót. Fimleikadeildin hefur ekki haft áhöld til að geta sjálf haldið mót, en það fer núna í endurskoðun. Haldið verður áfram að leita að góðum og reynslumiklum þjálfurum. Svo verður haldið innanfélagsmót og stór og mikil vorsýning í lok vetrarins. Stefnt er að því að hafa sumarkennslu.

Fyrir hönd stjórnar,
Anna Margrét Arnardóttir,
framkvæmdarstjóri.

